



Fréttabréf Skeggjastaðahrepps

Útdráttur úr fundargerðum

Útgáfa janúar 2005

Ábyrgðarmaður. Selma Björk Hauksdóttir

Fundur 11. janúar 2005

Seinni umræða 3. ára fjárhagsáætlunar var tekin fyrir og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Skólastjóri lagði fram tillögu að kennslu á föstudögum frá 13.00-14.20, sem annars er ekki skráður kennslutími. Ákveðið var að prófa þáttöku í mánuð og ef vel reynist heldur þetta sjálfvirkir áfram.

Ákveðið var að tölvuvæða grunnskólann.

Ákveðið var að veita 20% systkinaafslátt í tónlistarskólanum.

Fundur með Regula lögmannsstofu og landeigendum vegna kröfu ríkisins í þjóðlendumálum. Ákveðið var að semja við Regula til þess að taka á málefnum Skeggjastaðahrepps og þeirra landeigenda sem það vilja.

Framkvæmdir í veitukerfum og skipulagsmálum.

Almennar umræður um framkvæmdina og framhald hennar.

Ákveðið var að fela Teikn á Lofti að endurnýja tilboð í rotþrær og lagnir.

Íbúafundur verður haldinn í Grunnskólanum um aðal- og deiliskipulag þann 14. janúar 2005. Skipulagsráðgjafar sveitarfélagsins verða fyrir svörum. Fundurinn hefur verið auglýstur. Fyrirhugað er að hafa fund degi seinna fyrir sveitarstjórnarmenn.

Hafnarmál 2005.

Fyrirhugað er 350 m³ slitlag við löndunarbyggju og fylling við stoðvegg.

Framkvæmdin kostar 2,6 milljónir og er hlutfall ríkisins 60%. Lenging steiptar skábrautar ca. 5x5m og grjóthleðsla við skábrautina 2,4m. Landrafmagn á flotbyggju og við uppsátur 3 milljónir. Frágangur í námu, sléttað úr grjóthaugnum og ýtt að bergstáli. Hluttur ríkisins í þessum lið er 90% og er á áætlun 2007 og hljóðar uppá 2,3 milljónir. Farið verður fram á að framkvæma “frágang náma” á undan skábrautsframkvæmd.

Fara verður yfir málefni Fiskistofu og hafnarinnar. Samningur er á milli hafnarinnar og Fiskistofu um rekstur “Lóðsins”, sem er aflaskráningar hugbúnaður, en samningurinn er sennilega útrunnin. Þess vegna þarf að fara yfir þessi mál og verður rétt við lögmennt Regula.

Lagt er til að 514.488 kr. verði afskrifaðar, var það samþykkt.

Bréf barst frá Umhverfisstofnun þar sem tilkynnt er að endurgreiðsluhlutfall skerðist úr 50% í 30% fyrir refa- og miknaeyðingu.

Bréf barst frá Félagsmálaráðuneytinu þar sem beðið er um umsögn um drög um daggæslu barna í heimahúsum. Drögin verða skoðuð betur og gefið verður álit.

Bréf barst frá varasjóði íbúðalána og er efni bréfsins rekstrarframlög til sveitarfélaga vegna rekstrarhalla félagslegra íbúða fyrir árið 2004.

Síminn ætlar að koma á Bakkafjörð um mánaðarmótin janúar-febrúar til þess að setja upp ADSL tengingar og munu tvær vikur fara í að tengja þá sem að sótt hafa um tengingu.

Kosnir voru tveir menn til þess að hafa samband við Erlend Garðarsson vegna fyrirkomulags gangna í framtíðinni með tilliti til þess að reyna að gera göngur að ferðamannaíðnaði. Kjörnir fulltrúar eru Áki Guðmundsson og Hafliði Jónsson.

Erindi barst frá veraldarvinum þar sem þeir falast eftir verkefnum.